



Þjóðsögurnar í ÓLGU

Þjóðsaga af Sæmundi fróða og púkablístrunni

Sæmundur fróði átti pípu eina sem hafði þá náttúru að þegar í hana var blásið komu einn eða fleiri púkar til þess sem í hana blés og spurðu hvað þeir ættu að gera. Einu sinni hafði Sæmundur skilið pípu eina eftir í rúminu sínu undir koddanum þar sem hann geymdi hana alltaf um nætur. Hann bað vinnustúlkuna að láta allt það vera sem hún fyndi óvanalegt í rúminu. Þegar stúlkan var að búa um rúmið varð hún heldur en ekki forvitin þegar hún sá blístruna. Hún skoðar hana í krók og kring og síðan blæs hún í hana. Kemur þá undireins til hennar púki einn og spyr: „Hvað á ég að gera?“ Stúlkunni verður bilt við en lætur þó ekki á neinu bera. Svo stendur á um daginn að slátrað hafði verið tíu sauðum hjá Sæmundi og lágu allar gærunar úti. Stúlkan segir púkanum að hann eigi að telja öll hárin á gærunum og ef hann verði fljótari að því en hún að búa um rúmið þá megi hann eiga sig. Púkinn fór og kepptist við að telja en stúlkan hraðaði sér að búa um. Þegar hún var búin átti púkinn eftir að telja á einum skinnbútnum og varð hann þá af kaupinu. Sagan endar á því að stúlkan segir Sæmundi frá öllu eins og var og líkaði Sæmundi vel ráðkænska hennar.

Þjóðsaga af vatnaskrímsli

Skrímsli finnast víða í vötnum og ám landsins. Eitt af þeim er Ormurinn í Lagarfljóti sem líkast til er eitt þeirra mikilfenglegasta en þó finnast önnur vatnaskrímsli sem líkjast honum að stærð og umfangi. Sögur fara af uppruna slíkra kvikinda og hér er eina slíka að finna.

Stúlka ein bjó með foreldrum sínum á bæ nokkrum en ekki er getið um bæjarheitið. Þegar kom að því að hún yrði fullorðin færðu foreldrar hennar henni gullmen eitt fallegt sem fylgt hafði móðurfjölskyldunni í áraraðir. Þegar stúlkan hafði skoðað gullið í hendi sér spyr hún föður sinn að því hvernig hún geti látið sér verða sem mest úr gullinu því arna. Faðirinn svarar: „Legg þú gullið undir yrmling því mælt er að ormur vaxi á gulli og gullið með.“ Stúlkan tekur við gullinu og setur á sig heilræðið. Næsta dag er hún að raka úti á túni nálægt fljótsbökkum. Sér hún þar marga brekkusnigilsbobba og ultu þeir undan hrífunni. Nú minnst hún gullsins og ber það að einum sniglinum. Teygir hann sig út úr bobbanum, skriður út og

leggst á gullið. Um kvöldið tekur hún bæði gullið og orminn með heim og leggur í traföskjur sínar og lætur á afvikinn stað.

Nú líða einhverjir dagar áður en stúlkan lítur ofan í öskjurnar. En þegar hún vitjar um þær sér hún sér til undrunar að öskjurnar höfðu gliðnað í sundur utan af sniglinum og gullinu því hvort tveggja hafði vaxið svo mikið. Þá verður stúlkan svo hrædd að hún þrífur öskjurnar með orminum og gullinu og hleypur upp að fljóti. Þá fyrst lítur hún ofan í körfuna á hræðilega ásjónu skrímslisins þar sem gul slönguaugu stara á hana og hvassar tennurnar blasa við í skoltinum um leið og ófreskjan hvæsir á hana. Hún kastar öskjunum eins langt út í dýpið sem hún getur og þóttist hafa losað sig við ófreskjuna og öll vandræðin sem gætu af henni hlotist. En bráðlega varð fólk þess áskynja að skrímsli hafði komið sér fyrir í fljótinu og stækkað heil ósköp. Það braust um, teygði stórt höfuðið upp og beit bæði skepnur og menn. Bit skrímslisins voru eitruð og jafnvel banvæn. Skrímslið gerðist sem sagt hinn ógurlegasti óvættur.

Galdrapulur

Galdrapulurnar eru margar hverjar stórskemmtilegar. Ein þeirra hefur þann tilgang að opna á lása eða lokaðar dyr. Þulan er svona:

„Blæs ég svo bylur í lási og blístra af mannsístru,
fjandinn með fúlum anda fast í lásinn blási,
tröll upp togi mellur, taki á púkar allir,
fetti við fótarijarni fjandans ósjúkir púkar,
lyftið upp lásnum allir lifandi fjandans andar.

Sögur af marmennlum (marbendlum)

Þekktasta sagan er líklega, Þá hló marbendill, hér kemur vísan sem fylgir þjóðsögunni.

Mér er í minni stundin,
þá marbendill hló;
blíð var baugahrundin,
(er bóndinn kom af sjó);
kyssti hún laufalundinn,
lymskan undir bjó;

sinn saklausan hundinn
sverðabaldur sló.

Vers úr Rönkufótsrímu

Í Rönkufótsrímu eftir Stefán Ólafsson í Vallanesi er ókindaprennu í Lagarfljóti lýst. Auk ormsins eða kynjaslöngunnar á feiknastór skata og risavaxinn selur að finnast í fljótinu.

Saga segir af manni er Sigurður Eyjólfsson hét og að auknefni rönkufótur. Hann mun hafa átt heima á Straumi. Eitt sinn um vetur bjóst hann til dorgveiða á Lagarfljóti. Hann hjó sér vök og renndi færi og fiskaði allvel svo að hann hafði nær fyllt poka af silungi. En er veiðin þarna tregaðist fór hann á annan stað og skildi silungapokann eftir. Nú komst hann í nýja hrotu og gætti ekki að sér fyrr en hann heyrði brak og bresti í kringum sig. Sá hann nú að allur ísinn á fljótinu var að brotna sundur og töldu menn síðar að það hafi verið af völdum ormsins, hann hefði rekið upp kryppuna í ísinn og lyft honum svo hann brotnaði í sundur. Sigurður tók hart viðbragð og komst á land og þóttist eiga fótum fjör að launa. En er honum varð litið út á ísinn, var hann allur á skriði og þar sá hann silungapokann sinn berast með straumhraðanum. Hann hljóp niður með fljótinu, vonaði að pokann mundi bera að landi en varð seinast að horfa á eftir honum í fossinn.

Hrakfallasaga þessi er svo rakin í Rönkufótsrímu. Tvö versana er að finna í ÓLGU.

Ormurinn sá, sem upp í fljóti
er endilangur,
hart við brá svo brast á rót
og bylgjugangur.

Nú úr kólgu keyrði hann haus
og kampa hristi.
Sem af ólgu yrði laus
og álög missti.